# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 33

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bnf. 4/11 '09
Bg. 20

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 4. nóv. 09

Ár 1909, fimmtudaginn 4. nóv. kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar svo fram, sem hjer segir:

1. Einari Guðmundssyni leyft að byggja á lóð sinni í Vesturgötu 53 íbúðarhús 11½ x 13½.
2. Birni Jónssyni skósmið, Hverfisg. 26 leyft að flytja 2 salerni til og byggja önnur 2 í viðbót, að stærð 2 hin nýju 2 x 3 álnir.
3. Magnús Steindórsson, Bergstaðastr. 9 sækir um undanþágu frá að gjöra eldvarnarvegg við geymsluhús á lóðarmörkum gegnt lóðinni nr. 2 við Óðinsgötu. Nefndin mælir með undanþágunni með því skilyrði, að umsækjandi eða seinni eigendur hússins nr. 9 í Bergstaðastræti byggi eldvarnarvegginn, þegar þess verður krafizt af eiganda nefndra nágrannalóðar, og að kvöðin verði þinglesin á húseigninni nr. 9 í Bergstaðastræti.
4. Leyfð breyting herbergjaskipunar á landsímastöðinni samkv. framlögðum uppdrætti, og sömuleiðis leyfður gluggi á miðjum norðurgafli.
5. Leyft að byggja skúr við hús kand. Halldórssonar Vesturgötu 11, að stærð 8° x 3½°
6. Jón Þorsteinsson, Bjargarstíg, sækir um undanþágu frá byggingarsamþykkt, að því leyti að hann hefur látið setja reykháf ofan á bitalag á efsta lopti í húsi hans við nefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

an stíg. Beiðninni synjað.–

7. Formaður Hjálpræðishersins óskar upplýsinga um hverjar breytingar nefndin vill láta gjöra á grunninum undir herkastalahúsinu, ef það einnig í ráði sje verði byggt upp af nýju. Byggingarfulltrúa falið að athuga og gjöra tillögu um málið til næsta fundar.–

8. Lögð fram kæra frá Erasmusi Elíassyni og Sverri Sverrissyni trjesmiðum þar sem þeir kæra yfir því að hús Þorbergs símastjóra við Þingholtsstræti, sem verið er að byggja, muni ekki byggt samkvæmt byggingarsamþykktinni. Samþykkt að leggja fyrir byggingarfulltrúann að ganga eptir því að þetta verði lagfært tafarlaust, og stöðva alla smíði innanhúss, með aðstoð fógeta ef þarf, þar til ákvæðum byggingarsamþykktarinnar er fullnægt.–

9. Samþykkt að krefjast þess, að járnstoðir verði settar undir járndregarana á húsi Einars Benediktssonar við Austurstræti og að ekki verði neitt frekara unnið að smíði hússins, meðan þetta er ógert.

10. Lagt fram brjef frá Stjórnarráðinu dags. 30. f.m., þar sem það eptir málaleitun frá frakkneska konsúlnum Brillouin mælist til að fá svo fljótt sem hægt er tillögu byggingarnefndarinnar um, hvort veita beri eða veita eigi nauðsynlegar undanþágu frá byggingarsamþykktinni þar er þarf til þess að hús konsúlsins á Fjelagstúni megi standa óhreyft með öllu eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og það er, eptir atvikum eta úr því sem komið er.–

Þessu brjefi vill bygginganefndin svara á þá leið, að fyrir henni hefur ekki legið nje liggur nein beiðni frá konsúl J. Brillouin um undanþágu frá byggingarsamþ. Ef slík beiðni kemur fram, er tilgreint hverra undanþágna sje óskað, og rök verði færð fyrir, að ástæða sje til að veita þær, mun bygginganefndin taka beiðnina til meðferðar lögum samkvæmt.

En jafnframt leyfir bygginganefndin sjer að minna á, að borgarstjóri hefur í brjefi til stjórnarráðsins 15. f. m. kært konsúl Brillouin bæði fyrir það, að hann þrátt fyrir aðvaranir bygginganefndar og byggingarfulltrúa hefur fullgjört íbúðarhús sitt án þess að fá undanþágur þær, er nauðsynlegar voru, sem og fyrir önnur brot gegn byggingarsamþyktinni, og óskar nefndin að fá þau kærumál afgjörð áður en væntanleg umsókn frá konsúl J. Brillouin verður tekin til meðferðar.

Allir á fundi, nema Rögnvaldur Ólafsson.–

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sveinn Jónsson K. Zimsen Jón Jensson

Sig. Thoroddsen Kristján Þorgrímsson

12345678910

Fr[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 30. okt. 1909.

Eptir málaleitun frá hinum franska konsúl hjer í bænum, hr. J. Brillouin, vill stjórnarráðið mælast til að fá svo fljótt sem hægt er tillögur háttvirtrar byggingarnefndar um, hvort veita beri eða veita eigi nauðsynlegar undanþágur frá nokkrum fyrirmælum reglugerðar 7. sept. 1903, þ. e. þær undanþágur, er þarf til þess, að hús það, er tjeður konsúll hefur látið gera sjer í sumar á svonefndu Fjelagstúni, skammt innan við Rauðará, megi standa óhreyft að öllu eins og það er, eptir atvikum eða úr því sem komið er, og mun háttvirtri nefnd kunnugt um hverjar þær undanþágur eru.

Björn Jónsson

Jón Hermannsson.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Kolz. 633 1909 9.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirritaðir höfum veitt eftirtekt húsi því sem er í smíðum við Ingólfsstræti og er eign sjera Þorbergs, og virðumst við þess varir að byggingarsamþyktinni er ekki að öllu leiti fullnægt þar, Einkanlega að því er snertir frágang á gólfunum; á milli lofta vantar bæði pappa og tróði (stopp)
Við áttum tal við byggingarfulltrúann hér. (Sigurð Thoroddsen, um þetta fyrir skemmstu) og tók hann vel á málinu og mun hafa bent yfirsmiðnum á þetta. En ekki hefir þó samþyktinni verið fullnægt að heldur, ekkert verið bætt úr þeim göllum sem á voru er við höfðum orð á þessu, heldur aðeins verið fylgt reglunni á því sem eftir var ólagt af gólfunum
Nú þykjumst við vita að það sé ekki meining laganna að erlendir menn geti verið undanþegnir áðurnefndri samþykt og leifum við okkur því hér með að kæra þetta atriði fyrir hinni háttvirtu byggingarnefnd

Reykjavík 1. Nóvember 1904

Erasmus Eliassen
Snikkari

Sverrir Sverrisson
Smiður

B. Rvk. 632/1904 By. 20

Til Byggingarnefndarinnar í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarnefndarfundur 30. Okt. 1909.

1. Einar Guðmundsson, Vesturgötu 53. Íbúðarhús.
2. Björn Jónsson. Hverfisgötu 26. Skúr
3. Magnús Steindórsson. Bergstaðastr. Undanþága.
4. Luðvík Hafliðason. Vesturgötu 11. Skúr.
5. Ólafur Jónsson.. Lóð við Kárastíg.
6. Landsíminn. Breyting á herbergjum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfylst að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að gjöra mjer þann greiða að láta mjer í tje upplýsingar um hverjar breytingar hún vill láta gjöra á grunninum undir herkastalahúsinu, ef það, eins og í ráði er, verður byggt upp að nýju.

Reykjavík 1. nóvember 1909

Virðingarfylst

H. Hansen

Til byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk 631/1909 Bx. 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 30 Október 1909

Hjer með leyfi jeg mjer að bjóða hinni háttvirtu byggingarnefnd um, að hún veiti mjer undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþyktar, að því er snertir *litinn reykháf* er jeg hefi látið hlaða byggja í húsi mínu á Bjargarstíg № 7.

Reykháfurinn er aðeins notaður fyrir einn *litinn* ofn.

Virðingarfyllst
Jón Þorsteinsson

B. Rvk. 630/1909 By. 20

Til
Byggingarnefndar
Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 22/10 – 1909

Jeg leyfi mjer hjer með að biðja
háttvirta byggingarnefnd
Reykjavíkur, um útmælingu
undir 4 Salerni á minni lóð
við Hverfisgötu 26
einnig óska eg leyfis til að
flytja 2 Salerni á sama staðinn
frá gamla húsinu, (als 4 Salerni)

Með virðingu
Björn Jónsson, skósmiður
Hverfisgötu 26

Til byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 6/11 1909 B.f. 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samhvæmt meðfylgandi leyfisbrjefi frá
Helga Verzlunarmanni Helgasyni, sem
næsta lóðareiganda, við geimsluhús
er jeg byggði á lóð minni. Bergstaðastræti
№ 9 hjer nú í haust, þá leyfi jeg mjer
hjermeð að fara þess á leit, að hin háttvirta
byggingarnefnd Reykjavíkur, veiti mjer
undanþágu frá að gjöra eldvarnarvegg
við nefnt geimsluhús. Af þeirri ástæðu
að jeg bjóst ekki við að þurfa að gjöra
eldvarnarvegg, þarsem áður byggt geimslu-
-hús sem þettað er byggt við endan á
er án eldvarnarveggs, en á þeim
tíma er jeg hjet bygga þettað, var jeg
ekki búinn að fá tilkinningu um, að
jeg þyrfti að gjöra eldvarnarvegg, og athugaði
ekki neitt um það, af ofangreindri ástæðu.
Enfremur stendur húsið á lóðamörkum

B. Rok. 628
1909 Bj 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo jeg yrði að fá leyfi til að gjöra veggina í lóð Helga Helgasonar, að öðrum kosti að breita húsinu sem væri mjer hvortveggja mjög óþægilegt, og fyrra atriðið jafnvel ómögulegt, eftir því sem jeg hefi komist næst í viðtali við Helga Helgason

Virðingarfyllst

Reykjavík 26 oktober 1909
Magnús Steindórsson

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir uppdrætti er undirskrifaður
hef látið gjöra, leifi jeg mjer að biðja
hina háttvirtu byggingarnefnd
Reykjavíkur um útmælingu undir
hús 11½ x 10½ er jeg hef áformað að reisa
á lóð minni

Reykjavík 23/10 1909

Einar Guðmundsson

Til
Byggingarfulltrúans

B. Rvk. 627/1909 By 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ritsímastöðin

1cm = 1m.

Eins og áður var.







Eins og nú er.




1cm = 1m.

Breytingin samþykkt.
Byggingarnefndarfundi 4/11 1909
Páll Einarsson

1 nóvbr. 09.
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSSÍMASTJÓRINN.

Reykjavík 1 novbr. 09.

Til

byggingarnefndarinnar

Reykjavík

Hjermeð bið jeg um leyfi byggingarnefndarinnar til þess að breyta herbergjum á ritsímastöðinni eins og hjálagður uppdráttur sýnir.

O. Forberg.

B. Rvk. 626/1909 B. x 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 28. Oktober 1909

Jeg undirritaður leifi mér hérmeð að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingar-nefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að veita mér leifi til að reisa geymsluskúr á lóð minni í Vesturgötu 11 að stærð 8 x 3½ al og 5 al háan, með eldvarnarveggjum á tvo vegu.

Hérmeð fylgir samkvæmt ákvörðun byggingarnefndar uppdráttur af lóð minni ásamt húsum og hinum fyrirhugaða skúr.

Virðingarfylst

Lúðv. Hafliðason

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rot. 625/1909 B.y. 20

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur